



Félagsbréf

1. tölublað

Febrúar 2019

44. árgangur

Aðalfundur HÍN!

Boðað er til aðalfundar Hins íslenska náttúrufræðifélags mánudaginn 25. febrúar 2019 í stofu 132 í Öskju, húsi náttúruvísinda við Háskóla Íslands. Fyrir dagskrá aðalfundar verður bókin Flóra Íslands kynnt. Hún kom út núna fyrir jólin og eru höfundar Hörður Kristinsson, Jón Baldur Hlíðberg og Þóra Ellen Þórhallsdóttir. Erindið flytja þau Þóra og Jón Baldur og hefst það kl. 17:15. Allir eru velkomnir eins og á önnur fræðsluerindi félagsins. Aðalfundarstörf hefjast að því loknu, kl. 18:15.

Dagskrá aðalfundarins er eins og henni er lýst í lögum félagsins:

- Skýrsla formanns um störf stjórnar á liðnu starfsári.
- Skýrsla gjaldkera, endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til atkvæðagreiðslu.
- Kosning stjórnarmanna og skoðunarmanna reikninga.
- Önnur mál.

Stjórn HÍN skipa nú eftirtaldir: Ester Rut Unnsteinsdóttir formaður, Hrefna Sigurjónsdóttir varaformaður, Margrét Hugadóttir ritari, Steinþór Níelsson gjaldkeri, Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir fræðslustjóri, Jóhann Þórsson félagsvörður og Bryndís Marteinsdóttir meðstjórnandi.

Almennir stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn sem og formaður. Kjörtímabil þriggja stjórnarmanna er nú á enda, ásamt kjörtímabili formanns og er nú kosið um þessi embætti. Þetta eru embætti Hrefnu Sigurjónsdóttur, Bryndísar Marteinsdóttur og Margrétar Hugadóttur Auk þeirra þá hafa Steinþór og Sveinborg óskað eftir að láta af stjórnarmennsku.

Vatnið!

Þann fyrsta desember sl. var sýningin Vatnið í náttúru Íslands opnuð í Perlunni. Þessi þemasýning Náttúruminjasafns Íslands er fyrsta sýningin síðan sýningu safnsins sem var til húsa við Hlemmtorg var lokað. Stuðningur við Náttúruminjasafnið og uppbygging varanlegrar sýningaraðstöðu þess hefur verið eitt helsta baráttumál HÍN um árabíl og er þessi sýning áfangi á þeirri löngu leið. Um leið og félagið fagnar þessum áfanga þá bendir það á að varanleg lausn á sýningarhaldi safnsins felst í að það fái eigið varanlegt sýningarhúsnæði.

Netföng félagsins

Besta leiðin til að hafa samband við stjórnarmenn er að nota vefformin sem getið er hér að ofan, sérstaklega ef erindið varðar málefni Náttúrufræðingsins. Stjórnarmenn og starfsmanna félagsins hafa hins vegar einnig netföng sem má nota:

formaður: formadur@hin.is

gjaldkeri: gjaldkeri@hin.is

ritari: ritari@hin.is

félagsvörður: felagsvordur@hin.is

Netfang ritstjóra er ritstjori@hin.is og netfang félagsins er hin@hin.is. Það er von stjórnar að þetta geri félagsmönnum auðveldara að hafa beint samband við stjórnarmenn.

Hið íslenska náttúrufræðifélag

Afgreiðsla: Náttúruminjasafn Íslands, Brynjólfsgötu 5 (gamla Loftskýtastöðin), IS-107 Reykjavík. Sími: 577 1802, Netfang: hin@hin.is, Heimasíða: www.hin.is

Ábm. og ritstj. félagsbréfs: Jóhann Þórsson